

Mættir: Guðrún G Halldórsdóttir, Erla Sigurbjartsdóttir, Linda Arilíusdóttir, Hilmar Björgvinsson, Alexander Broddi Sigvaldason og Solveig Gísladóttir sem ritar fundargerð. Elín boðar forföll.

- Matsáætlun 2019-2023, Hilmar fer yfir áætlunina. Í ytra mati skólans var gerð athugasemd við ákveðna matsþætti og gagnaöflun sem þótti vera of einhæf. Nú er sér kafli um þetta í áætluninni og búið að bregðast við. Einnig er í áætluninni kafli um áherslur og sérstöðu Lindaskóla. Virkja átti skólaráð meira í matsvinnunni með matsteyminu en það breyttist vegna Covid, verður gert á næsta skólaári. Ytra matið gerði einnig athugasemd vegna lítillar aðkomu nemenda og foreldra í innra mati skólans en nú eru fulltrúar frá þeim í matsteyminu. Kynna átti niðurstöður innra mats fyrir nemendum en var aflýst vegna Covid.

-Skólapúlsinn, starfsmannakönnun 2020. Kom vel út, skólinn yfir landsmeðaltali í ýmsum þáttum. Gagnsemi starfsmannaviðtals fær ekki nógu góða dóma að mati stjórnenda, vilja kanna hjá starfsmönnum hvað þeir vilja fá út úr viðtölunum. Í könnuninni tala tveir starfsmenn um einelti en Guðrún segir að erfitt sé að bregðast við þessu, ekki komi fram í könnuninni hverjir séu gerendur, þ.e. hvort það séu nemendur, samstarfsmenn eða foreldrar og þessi mál hafi ekki komið inn á borð hjá stjórnendum. Guðrún nefnir að Covid ástandið hafi sýnt stjórnendum hve öflugur starfsmannahópurinn sé.

-Skólapúlsinn, nemendakönnun 2020. Átti að leggja fyrir nemendur í fimm úrtökum á þessu skólaári en þeim fækkaði niður í þrjú úrtök vegna Covid, niðurstöður eru samt sem áður marktækar. Niðurstöður skólans eru að dala í nokkrum þáttum, m.a. virkni nemenda, þrautseigja, trú á eigin getu, líðan og heilsa. 13 af 130 segjast hafa orðið fyrir einelti, há tala en spurning hvernig nemendur skilgreina einelti, eru þetta að einhverju leyti samskiptamál? Skóla-og bekkjarandi hefur dalað vegna skorts á virkri þátttöku nemenda í tímum.

Alexander talar um að mikið sé skemmt á unglíngaganginum, hann segir að allir viti hverjir geri þetta en skólinn bregðist ekki við.

Guðrún varpar fram spurningunni „af hverju líður drengjum verr í skólanum en stúlkum“, þurfum að komast að því.

Líðan nemenda sem voru í skólanum í minni hópum í Covid virtist mjög góð, nemendur voru á sínum svæðum allan skóladaginn, ekkert að fara á milli stofa og annað ráp og engin samskiptavandamál komu upp, um leið og ástandið breyttist til baka voru samskiptamálin komin upp.

Umræða um að nemendur skorti þrautseigju, Linda tala um það þegar þau koma upp í unglíngadeildina, þau hafa ekki úthald til að klára verkefni. Virðist vera að börn þurfi minna að taka ábyrgð, svokallaðir „krullu-foreldrar“ passa að börnin rekist hvergi á og þá læra þau ekki þessa nauðsynlegu færni.

Alexander nefnir að honum finnst samnemendur skorta aga og sjálfsaga, stundum þurfi bara að bíta á jaxlinn og gera hluti þó að þeir séu leiðinlegir og höfði ekki beint til nemenda, þannig þroskist þeir og eflist. Ráðið sammála en erfitt að vita hvernig hægt sé að kenna þetta, er kannski meira uppeldismál.

-Skipulag næsta skólaárs. Guðrún rennir yfir hverjir verði umsjónakennarar bekkja. Einn kennari fer í barnsburðarleyfi, einn hættir, 3 stuðningsfulltrúar og einn starfsmaður Frístundar hætta. Næsta skólaár eru núna skráðir 440 nemendur, þeim er að fækka.

-Framkvæmdir á skólalóð. Nú er komið að endurnýjun á skólalóðinni, framkvæmt verður fyrir 40 ??? (Guðrún er þetta rétt tala, heyrði hana ekki nógu vel) milljónir á næstu árum. Byrjað verður á körfuboltavelli og svæði fyrir Frístund, það var ákveðið eftir könnun hjá starfsfólki og foreldrum um það hverju lægi mest á.

-Skóladagatal 2020-2021. Guðrún kynnir. Skipulagsdagar eru samræmdir með okkar næstu hverfum, Smára og Sala. Skólasetning verður 25. ágúst 2020 og skólaslit 8. júní 2021.

-Önnur mál. Kosning Erlu og Lindu í skólaráð er runnin út, þarf að kjósa aftur í haust.

-Fundir slitið klukkan 16:05.